

**REGLUGERÐ****um hvíldartíma bifreiðarstjóra.****45**

22. maí

**1. gr.**

Bifreiðarstjórar fólksflutningabifreiða skulu að jafnaði hafa 12 klukkustunda óslitna hvíld á sólarhring hverjum, auk nauðsynlegs matartíma. Þó skal leyfð 4 klukkustunda eftirvinna þegar nauðsyn krefur, enda komi þá að minnsta kosti 10 klukkustunda hvíld á eftir.

Sérhver fólksbifreiðastöð skal halda dagbók, er sýni nákvæmlega daglegan vinnutíma hvers bifreiðarstjóra, hvenær hann kemur til vinnu og hvenær hann fer frá vinnu. Skal lögreglunni og skoðunarmönnum bifreiða í umdæmi því, sem bifreiðastöðin er í, heimill aðgangur að dagbókum þessum, þegar krafizt er.

**2. gr.**

Bifreiðarstjóra, sem hefir farþega í bifreið sinni, er eigi heimilt að slita ferð sinni eða hætta vinnu þó að vinnudagur sé úti, samkvæmt ákvæðum 1. gr., fyrr en hann hefir lokið ferðinni eða náð á hæfilegan áfangastað og gengið vel frá bifreiðinni.

**3. gr.**

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10 til 500 krónum. Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 13. gr. laga nr. 70 8. september 1931, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni frá 14. júní 1930.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. maí 1935.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Páll Pálmason.*

**SAMÞYKKT**

**um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Hafnarfirði.**

**46**

27. maí

**1. gr.**

Sölubúðum í Hafnarfirði skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

**46**  
27. maí

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis, og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 8 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og laugardagana fyrir páska og hvítasunnu eigi síðar en kl. 6 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda sölubúðum opnum til miðnættis. Næsta laugardag á undan þessum degi skal heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 10 síðdegis. Ennfremur skal heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 10 síðdegis einn virkan dag til viðbótar í vikunni næstu fyrir jólin, eftir ákvörðun lögreglustjóra.

Á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum, eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, er bæjarstjórninni heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli um lengri eða skemmri tíma lokað fyr en kl. 7 síðdegis og opnaðar síðar en kl. 8 árdegis á virkum dögum.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega engar sölubúðir vera opnar.

Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virkan dag.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skal sú ein undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði frá kl. 9 árdegis til kl. 4 síðdegis, eingöngu til sölu á brauðum, kökum, mjólk, rjóma og skyri.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annarsstaðar utan sölubúða, nema úr sjálfsölum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

## 7. gr.

46

Vinnutími sendisveina, er starfa hjá hverskonar verzlunar- eða iðnaðar- 27. maí  
fyrirtækjum eða skrifstofum í Hafnarfirði, skal eigi vera lengri á degi hverjum  
en hér segir:

Fyrir sendisveina á aldrinum 12—14 ára 7½ klst. á dag.

Fyrir sendisveina á aldrinum 14 ára og eldri 9 klukkustundir á dag.

## 8. gr.

Útsending á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að,  
skal lokið eigi síðar en einni klukkustund eftir lokunartíma sölubúðanna, verk-  
stæðanna eða skrifstofanna, og daginn fyrir almenna frídaga eigi síðar en tveim  
klukkustundum eftir lokunartíma.

## 9. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu  
frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerða-  
skyni, eða til ágóða fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra  
horfa til almenningsheilla.

## 10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 20—500 krónum, og renna  
sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem  
almenn lögreglumál.

## 11. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og er jafnframt úr gildi numin  
samþykkt um lokunartíma sölubúða í Hafnarfjarðarkaupstað nr. 51 frá 22. júní  
1927, og breytingar á þeirri samþykkt nr. 115 30. nóv. 1931 og nr. 63 20. júní 1932.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar sam-  
kvæmt lögum nr. 79 14. nóvember 1917, staðfestist hér með og birtist til eftir-  
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. maí 1935.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Páll Palmason.*